

272. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 1. ágúst 2023 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Lárus Ársælsson, umhverfisstjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 2208072 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2023 - 2026**
Yfirferð á stöðu fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2023.
Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023.
- 2. 2307161 - Sorphirða, reynsluverkefni breytinga**
Kynning á tillögu um reynsluverkefni við breytingu á sorphirðu í 2 hverfum.
*Lárus Ársælsson umhverfisstjóri kynnti tillögu um breytingar á fyrirkomulagi sorphirðu frá heimilum í hluta bæjarins til reynslu.
Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að vinna málið áfram.*
- 3. 2108031 - Hafnarbraut - Gatnahönnun**
Tillaga um endurgerð gangstétta við Hafnarbraut.
*Lárus Ársælsson umhverfisstjóri kynnti tillögu um breytingar á gatnamannvirkjum við Hafnarbraut.
Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að undirbúa endurgerð á gangstétt norðan megin Hafnarbrautar, með það í huga að fara í framkvæmdir næsta vor.*
- 4. 2307078 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 5 - breyting dælustöð**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar fyrir skólpdælustöð kynnt.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, sem starfar í umboði bæjarstjórnar, að breytingin sé óveruleg í skilningi skipulagslaga. Málsmeðferð verði samkvæmt 3.mgr 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 5. 2306149 - Vatnsrannsóknir á Akranesi**
Kynning á stöðu vatnsrannsókna.
Lárus Ársælsson umhverfisstjóri fór yfir stöðu málsins. Starfsmenn Verkís eru núna í vettvangsvinnu og reiknað er með að Verkís skili niðurstöðum í ágúst/september 2023.

6. 2307160 - Tímalína verkefna á skipulags- og umhverfissviði (2023-2030)

Yfirferð á tímalínu verkefna er varðar ráðhús, fasteign á Stillholti 16-18 og á Faxabraut 10, útboð á sorpi, grasslætti og moldartipp.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri fóru yfir tímalínu ofangreindra verkefna. Skipulags- og umhverfissráð felur þeim áframhaldandi vinnu við framgang þeirra.

7. 2202026 - Asbestlagnir - fyrirspurn til Veitna

Yfirferð á stöðu mála hjá Veitum varðandi endurnýjun lagna úr öðru efni.

Skipulags- og umhverfissráð óskar eftir upplýsingum frá Veitum um niðurstöður rannsókn á köldu vatni í eldri asbestlögnum á Akranesi í samræmi við fyrri yfirlýsingu Veitna um að slík rannsókn yrði gerð með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

8. 2208165 - Tímabundið afnotaleyfi - umsóknareyðublað

Kynning á drögum að reglugerð um afnot á bæjarlandi.

Lárus Ársælsson umhverfisstjóri fór yfir drög að reglum um afnot af bæjarlandi. Skipulags- og umhverfissráð felur umhverfisstjóra að vinna málið áfram og leggja fullbúnað reglur fyrir fund ráðsins.

9. 2204205 - Deiliskipulag Akratorgsreits - Kirkjubraut 1 breyting

Greinargerð frá byggingarstjóra varðandi utanhússklæðningu kynnt.

Í ljósi greinargerðar tekur Skipulags- og umhverfissráð jákvætt í erindið um húsið verði klætt í heild sinni, með þeim formerkjum að allur frágangur taki mið af aldri hússins eins og hægt er.

Vakin er athygli á að í núverandi skipulagi kemur fram að viðhalda skuli ásýnd meginbyggingar á Kirkjubraut 1 og að færa skuli þá hlið sem snýr að Kirkjubraut sem næst upprunalegu útliti hennar.

Ef klæða á allt húsið er ljóst að markmið um upprunalegt útlit framhliðar hússins, sem var steiptur málaður flötur, nær ekki fram að ganga. Í því tilfalli þarf að gera breytingar á deiliskipulaginu.

10. 2210031 - Kalmansvellir 4b - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn ISH ehf um breytingar á skipulagi Smiðjuvalla. Sótt er um að skilgreina byggingarreit fyrir 600 m² atvinnuhúsnæði eða 30,0m X 24,0m, nýtingarhlufall helst óbreytt 0,5. Sex bílastæðum verður komið fyrir innan lóðar eða 1 bílastæði á 100 m², aðkoma að lóð helst óbreytt. Hámarkshæð nýbyggingar verður 8,0 m.

Byggingarleyfið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagssлага nr. 123/2010 frá 19. júní til 19. júlí 2023 fyrir eigendum Kalmansvalla 1A, 3, 4A, 5, 6 og Smiðjuvalla 1 og 3. Þrjú samþykki bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að samþykkja áform grenndarkynningar, senda á Skipulagsstofnun og auglýsa breytingar á skipulagi í B deild Stjórnartíðinda.

Tillagan er samþykkt 2:1, SAS greiddi atkvæði á móti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.